

Keflavíkirkja 2007 til 2015

Stefnumótun í Keflavíkursókn

Stefnumótunarvinna safnaðarins, undir yfirskriftinni *Keflavíkirkja 2007 til 2015*, hófst formlega síðasta haust með ferð sóknarnefndar og starfsfólks í Skálholt þar sem fyrstu hugmyndir voru settar fram undir stjórn Gylfa Dalmanns lektors í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild HÍ. Vinnan er unnin í nafni sóknarnefndar kirkjunnar en verkefnisstjóri er sóknarpresturinn, sr. Skúli S. Ólafsson. Starfað hefur verið samkvæmt áætlun þeirri er lögð var fyrir síðasta vor og miðar að því að endanleg stefnumótun safnaðarins liggja fyrir með sumrinu og framkvæmdaráætlun verði tilbúin og samþykkt fyrir upphaf vetrarstarfsins næsta haust.



Fjölmargir hafa lagt þessari vinnu lið og tekið þátt í umræðum um framtíðina hér í Keflavíkursókn. Góðar hugmyndir hafa litið dagsins ljós og viðamikil kynning hefur farið fram um allt samfélagið. Alls hafa 15 kynningarfundir verið haldnir og hafa margir sýnt þessari vinnu okkar áhuga. Hápunkturinn var svo opið hús í byrjun marsmánaðar þegar hingað sóttu hátt í 300 gestir, tóku þátt í hátíðarmessu og gengu svo um kirkjuna þar sem þeir fengu að kynna hugmyndunum sem fram hafa komið og fengu tækifæri til þess að tjá eigin væntingar til kirkjunnar. Sóknarnefndin sjálf vann þar ötullega að því að kynna hugmyndir sínar með fjölbreyttum og litríkum hætti.

Verkáætlun

Maí:

- Vinnan kynnt á sóknarnefndarfundum.
- Ákvörðun tekin um að fara af stað í verkefni. Fjárveiting ákveðin.
- Ákvörðun tekin um faglegan ráðgjafa með starfinu.

Júní-Ágúst:

- Verkefninu skipt upp í undirflokk. Menn velja sér flokk og samskipti fara einkum fram í tölvupósti eða á óformlegum fundum.
- Skálholtsfundur undirbúinn.

Ágúst:

- Dagskrá lögð fram á Skálholtsfundi.

September:

- Hugmyndafundur í Skálholti 16.-17. september. Dagskrá ákveðin í samráði við ráðgjafa.
- Greinargerð unnin í kjölfarið og lögð fram sem fyrstu drög stefnumótunar.

Október 2006 til mars 2007:

- Drögin kynnt rýnihópum.
- Kallað eftir viðbrögðum.
- Rætt á sóknarnefndarfundum
- Slípað frekar til.
- Niðurstöður vinnunnar kynntar á opnu húsi í kirkjunni.

Að liðnum páskum:

- Kallað eftir viðbrögðum.

Júní:

- Endanleg stefnumótun samþykkt á síðasta sóknarnefndarfundum vorsins.

September:

- Framkvæmdaráætlun lögð fram.

Stefnumótun Þjóðkirkjunnar

Í stefnumótun Þjóðkirkjunnar 2003 til 2010 er eftirfarandi framtíðarsýn birt:

- Þjóðkirkjan er lifandi og kröftug hreyfing fólks sem á samleið í trúnni á Guð sem Jesús Kristur birtir og boðar.
- Þjóðkirkjan er sýnilegt, litríkt og vaxandi samfélag sem vekur og nærir kristna trúariðkun og andlegt líf.
- Þjóðkirkjan mætir sérhverri manneskju þar sem hún er stödd á lífsleiðinni, veitir liðsinni og skjól.
- Þjóðkirkjan er vettvangur samtals í þjóðfélaginu um þýðingarmikil málefni í ljósi kristinnar trúar og siðferðis.
- Þjóðkirkjan virkjar fólk í starfi sínu og eflir það til þjónustu við Guð og náungann

Eins og fram kemur í þessari framtíðarsýn er það hlutverk kirkjunnar að vera lifandi samfélag sem leitast við að miðla kristinni trú inn í síbreytilegt samfélag. Tekið var mið af þessum sjónarmiðum í stefnumótunarvinnu Keflavíkursafnaðar.

Tilgangur

Þrenns konar megintilgangur hefur legið til grundvallar vinnunnar:

- Framtíðarsýn: að leggja línurnar til framtíðar, setja tímasett markmið, forgangsraða verkefnum og greina betur á milli nauðsynlegra verkefna og ónauðsynlegra.
- Hópefli: að efla og þróa faglega vinnu í safnaðarstörfum til framtíðar.
- Kynning og tengsl: að auka enn samstarfið við ýmsa hópa í kringum kirkjuna og kynna safnaðarstarfið.

Þegar stefnumótunarverkefnið er að baki verður búið að leggja línurnar til næstu ára og raða starfseminni í forgang. Slík vinna getur bæði verið farvegur fyrir góðar hugmyndir en ekki síður hitt að ýta til hliðar því sem ekki á heima innan safnaðarstarfsins – eða með öðrum orðum: að raða í forgang. Nú er svo komið að langflest fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem hafa umtalsverða peningaveltu starfa innan ramma virkrar stefnumótunar og verður þess vart langt að bíða að

hið sama megi segja um stærri söfnuði þjóðkirkjunnar. Í stefnumótuninni hefur er safnaðarstarfinu verið skipt í þrjá flokka:

- Helgihald og menningarstaf
- Æskulýðsstarf og kærleikspjónusta
- Samskipti og tengsl.

Helgihald og menning

Helgihald í Keflavíkirkirkju býr jafnt yfir festu og sveigjanleika. Guðspjónustur eru að jafnaði á hverjum sunnudegi auk annarra helgidaga. Fyrsta sunnudag í mánuði er fjölskylduguðspjónusta um morguninn og svo messa um kvöldið. Á sumrin eru guðspjónustur gjarnan utandyra og þá tengdar náttúruskoðun og ferðum á



kirkjulega sögustaði í nágrenninu.

Aðsókn í guðspjónustur hefur almennt verið góð. Góð tengsl hafa verið á milli kirkjunnar og félagssamtaka í prestakallinu og hafa nokkrar guðspjónustur verið haldnar með þátttöku slíkra hópa. Hefur undantekningarlítið verið fullskipað í kirkjuna í upphafi guðspjónustu áður en

börnin fara í safnaðarheimilið. Öflugt kórstarf er í gangi í kirkjunni. Tónlistarmálin í kirkjunni hafa sem fyrr verið í höndum Hákonar Leifssonar organista. Kórinn hefur sett upp viðamikil tónverk, nú síðast flutti hann *Brynjólfsmessuna*, í Keflavík, Grafarvogskirkju og í Skálholtskirkju. Auk kórs Keflavíkirkirkju syngja kórar Grafarvogskirkju og Skálholtskirkju í verkinu. Sinfóníuhljómsveitin lék undir og var Hákon Leifsson stjórnandi. Tónleikarnir hafa einnig verið gefnir út á geisladiski. Kórinn hefur verið einn af burðarásunum í helgihaldinu og eitt það leikmannasamfélag við kirkjuna sem sýnt hefur hvað mestan vöxt og þroska undanfarin ár.

Einnig starfar barnakór við kirkjuna. Bæði syngur kórinn við guðspjónustur og einnig heldur hann tónleika þar sem flutt eru



metnaðarfull kórverk. Þá eru kyrrðarstundir í hádeginu á miðvikudögum og ýmsir viðburðir haldnir, s.s. lestur Passíusálma á lönguföstu, myndlistarsýningar og fleira.

Miklar umræður spunnust um helgihald og menningu í stefnumótunarvinnunni. Helstusjónarmið sem fram komu undir þessum lið byggja á því að víkja ekki frá þeirri meginstefnu sem þegar hefur verið mörkuð innan Keflavíkurkirkju en vinna áfram að því að auka fjölbreytnina og gera helgihaldið aðgengilegra fyrir messugesti.

Niðurstöður stefnumótunarvinnu:

Áherslur:

- Bjóða áfram upp á góðar messur sem eru fjölsóttar og fjölbreyttar
- Virkja áfram félög og félagasamtök í messum
- Útskýra guðspjónustuformið fyrir söfnuðinum
- Kirkjan verði vettvangur fjölskyldunnar
- Vekja upp grasrótina og ná til ungs fólks
- Byggja upp samkennd innan safnaðarins
- Finna fleirum hlutverk í messum
- Laða að fleiri hópa til kirkju
- Kyrrðarstundir verði áfram haldnar
- Stofna Hollvinasamtök kirkjunnar
- Kirkjan verði opin og til staðar fyrir þá sem þangað vilja leita
- Kirkjulistahátíð sett á laggirnar
- Kirkjubyggingu breytt – kirkja og kór stækkaður
- Saga Keflavíkurkirkju verði gerð sýnileg

Hugmyndir: Taka persónulega á móti gestum, útdeila sálmabókum persónulega til gesta, aðstoða eldri borgara og fatlaða til og frá messu, sérstök barnaaðstoð í barnamessum, útbúa lista yfir þá sem eru tilbúnir í sjálfboðaliðastörf, vera með sérstaka súpuþaga þar sem verður upplestur eða jafnvel sérstakur gestur, tengja

hugleiðslu við boðskap kirkjunnar, tengja myndlist við predikun, saga kirkjunnar gerð lifandi, sérstök kirkjulistahátíð annað hvert ár, tengja kirkjuna við samfélagið, samstarf við Tónlistarskólann, upplestur rithöfunda, bænagöngur, lofgjörðamessur, setja sögu kirkjunnar upp í kjallaranum, hljóðfæri endurnýjuð-orgel – flygill.

Æskulýðsstarf og kærleikspjónusta

Miklar breytingar hafa orðið á æskulýðsmálum hér í kirkjunni með ráðningu Erlu Guðmundsdóttur æskulýðsfulltrúa í ágúst 2006. Barnastarfið hefur gengið vel undir stjórn Erlu en óhætt er þó að segja að vöxturinn hafi verið mestur hvað varðar tengslin við leikskólana og frístundarskólana hér í sókninni. Erla hefur haldið uppi reglulegri starfsemi á þeim vettvangi og unnið þar gott starf. Þau samskipti eru ómetanleg og ekki síður í ljósi þess að með vikulegum heimsóknum í frístundarskólana nær kirkjan til aldurshópa sem ekki taka mikinn þátt í barnastarfinu. Framundan hlýtur að vera að mæta fleiri hópum barna og væri 9 til 11 ára starf næsta skrefið í þeim efnum. Unglingastarfið hefur verið unnið í samvinnu við KFUM/K og þarf að leita leiða til þess að efla það enn frekar. Fermingarfræðslunni hefur verið breytt og verður haldið áfram að þróa hana. Foreldramorgnar hafa eflst mjög undir stjórn Erlu og er þar kominn vísir að



Vonast eftir þjónustu við börn eftir skilnað

Efla Hlga Bjarnason
hlga@hli.is

Reykjanesbær | Verkefnisstjóri forvarna hjá Reykjanesbæ vonast til að saminn taki um að ljúka skilnaðarbörnum upp á ákveðin áhrif, í kjölfar málþings og vinnustofu sem efla var til um áhrif skilnaðar á börn og leitu til úrbóta.

„Áfram ábyrg“ var yfirskrift málþingsins sem haldið var í Kirkjubíli, Safnabænum í Keflavíkarkirkju í gær. Málþingið er samvinnuverkefni Keflavíkarsóknar, fjölskyldu- og fjölgjörðamessur Reykjanesbæjar og Kjararnessprófastadæmis. Þessi samvinna var Hljóðsárið Ársaðóttur félagsmálastjóra ofarlega í huga þegar hún ávarpaði málþingið. Hún kvæst vona að ráðstefnan skilði meiri samvinnu, samvinna foreldra sem eru að sitja eða hafa þegar sítuð samvinnu, bæði kyn- og fótturforeldra. Samvinnu er líklegust til að hjálpa þeim sem eru að takast á við skilnað og samvinna foreldra hjálpar ekki síður börnum þeirra að komast í gegnum erfiða tíma. Við vonum líka að þessi ráðstefna skili okkur betri og markvissari samvinnu faghlipa og stöfnana sem koma að málefnum fjölskyldna þegar skilnaðar hjóna á sér stað,“ sagði Hljóðsárið.

Kyntar rannsóknir

Fjölmið eru nú flutt á málþingið og nálgast frummiðendur efnar frá ýmsum hlöðum. Undir lok þingsins í gær voru sókn pallhöfðamenn sem sara Shali Sigurður Ólafsson stjórnar.

Á þingi voru meðal annars kyntar nýjar rannsóknir rannsóknar



Margrjetadóttir Bjarnason
Áfram ábyrg Þóttakundur í ráðstefnu um skilnað og börn komu yfir á en flestir voru þó af Suðurnesjum. Í dag verður vinnustofa um málefnið.

IHNÖT SKURM

» Áfram ábyrg er yfirskrift ráðstefnu um áhrif skilnaðar á börn sem haldin er í Keflavík.

» Allt of mörg börn eru þolendur vegna ákvarðana fullorðinna sem verða þó ekki stóur þeirra líf, en þau hafa sjáðhast nokkuð um þær að segja,“ sagði félagsmálastjóri Reykjanesbæjar.

» Á málþingi um samvinnu í dag er hugað að úræðum á þessu sviði.

og þess hvernig börnum þeirra líður. Hera Ósk Einarsson, verkefnisstjóri forvarna hjá Reykjanesbæ, kvæst ánægð með málþingið og þær upplýsingar sem fram komu.

Tveir fyrirtækar komu frá fjölgjörðamessu kirkjunnar í Marburg í Þyskalandi. Fram kom hjá Eriku Beckmann að tilfínningatengslin skiptu miklu máli um það hvernig brenna upplifðu skilnað foreldra sinna. Þau stóðu utan við allar ákvarðanir og gætu ekki haft þein áhrif á það hvernig sambandinu við foreldra væri lattað eftir skilnað sem og breytingar á þeirra nántasta umhverfi.

Í dag verður vinnustofa um efnar þar sem gestirnir frá Marburg mæla enn frekar af reynsku sinni en þeir standa meðal annars standa fyrir þjónustu við skilnaðbörn á aldrinum 10 til 12 ára. Hera Ósk vonast til og gerir í raun ráð fyrir að þessi vinna hafi til þess að Reykjanesbær og Keflavíkarsókn hafi samstarf um að koma á skipulegri þjónustu við þessi börn.

systrafélagi kirkjunnar. Þá er boðið til súpu í hádeginu en því fyrirkomulagi kann þó að verða breytt með það að marki að innheimta ákveðið gjald fyrir veitingarnar. Þá er tólfspora námskeið í kirkjunni undir stjórn Maríu Hauksdóttur. Þá var haldið málþingi í kirkjunni undir yfirskriftinni *Áfram ábyrg: áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Keflavíkarkirkja stóð að málþinginu ásamt félagsþjónustu Reykjanesbæjar og

Kjalarnessprófastsdæmi. Framhald verður á þeirri vinnu, með útgáfu og námskeiðum.

Niðurstöður stefnumótunarvinnu

Áherslur:

- Heimsóknir áfram í leikskóla einu sinni í mánuði
- Leikskólabörn áfram í heimsókn um jól og páska
- Heimsóknir áfram í frístundaskóla
- Efla þarf samstarf við KFUM/K – æskulýðsmessur
- Vinna með félagasamtökum að forvarnarverkefnum
- Sjá fermingarbörnum fyrir verkefnum í messum
- Efla söngstarf barna og unglunga innan kirkjunnar
- Unglingamenning
- Foreldramorgnar einu sinni í viku
- Tengjast nýbúum
- Skipuleggja sjálfboðavinnu
- Skerpa á hlutverki og ábyrgð skírnavotta
- Opið hús í Kirkjulundi – ýmis þemu
- Unnið verði í samstarfi við félagsþjónustuna að mannræktarmálum.
- Hlutverk prestanna sem sáttamanna og ráðgjafa í skilnaðarmálum verði eftt með námskeiðshaldi og málþingum.

Hugmyndir: Meira samstarf á milli prestakalla – frumkvæði komi frá Keflavík, þörf á æskulýðsfélagi, foreldrahlutverk og uppeldi, koma á fót foreldrafélagi, fjölburasamverur tengt fræðslu, Alfa- námskeið, bænhringir, leshringir, heimsóknarhópur fyrir eldri borgara og þeirra sem búa t.d. við félagslega einangrun, KFUM/K mætti vera sýnilegra í kirkjustarfinu, búa til öflugt net sjálfboðaliða, bjóða öðrum með sér í kirkju, vera í samstarfi við FS, gefa súpu í hádeginu, djákni til starfa fyrir grunnskóla og eldri borgara, námskeið fyrir sjálfboðaliða, jafningjafræðsla, bjóða fermingarafmælisárgöngum til messu, senda þeim sem tóku bílpróf bílabænina. Frekar verði unnið með verkefnið *Áfram ábyrg.*

Samskipti og tengsl

Kynningarmálin hafa verið í föstum farvegi í vetur. Dreifirit kirkjunnar kemur í hvert hús í sókninni þrisvar á ári. Þá var heimasíðan endurnýjuð í haust. Hún er uppfærð nokkrum sinnum í viku og eru heimsóknir á hana um 200 á sólarhring. Vonandi fjölgar þeim með tímanum. Sem fyrr eru einstakir viðburðir í safnaðarstörfum auglýstir í bæjarblöðunum auk þess sem messur eru tilkynntar á kirkjusíðum þeirra og Morgunblaðsins. Einnig hafa verið settir upp kassar fyrir auglýsingar utan á kirkjunni og eru þar upplýsingar um þær messur sem framundan eru. Þá hefur Erla safnað netföngum þátttakenda í barnastarfinu og þurfum við að finna enn fleiri leiðir til þess að kynna starfsemi okkar með sem bestum hætti.



Niðurstöður stefnumótunarvinnu

Áherslur:

- Senda áfram út viðburði kirkjunnar á netinu – „kaplinum“
- Heimasíða verði áfram virk og uppfærð reglulega.
- Auglýsingar verði hvetjandi
- Dagskrá kirkjunnar verði áfram gefin út.
- Lifandi kynning á biblíunni fyrir alla aldurshópa
- Kirkjudagur verði í október og mars – opið hús
- Fyrirlesarar fyrir og eftir messu
- Kirkjan verði sýnilegt afl í samfélaginu
- Fræðslufundir – samræður við samtímann
- Tengsl við stofnanir s.s. sjúkrahús og dvalarheimili aldraða
- Heimsóknir til allra skólastiga
- Samskipti við nágrannasóknir

- Endurreisa bræðra- og systrafélög
- Samstarf við leikfélagið
- Göngumessur – Pop –messur

Hugmyndir: Vera með öflugra heimasíðu, þarf að auglýsa viðburði betur, kynna biblíuna á lifandi og skemmtilegan hátt, stofna unglingsakór, nota miðjuna betur t.d. á kvöldin – biblíu-kaffihús, efla tengsl við hverfin, samstarf við listahópa t.d. áhugaljósmyndara, búa til netfangalista (fá sent til sín orð dagsins), setja plexi – gler yfir miðjuna, efla tengsl við íþróttafélög, sérstakur kirkjudagur 22. október, gera kirkjuna sýnilegri, bænanámskeið, hjónanámskeið, Alfa- námskeið.

Lokarorð

Safnaðarstörfin í Keflavíkirkirkju eru að sönnu fjölbreytt . Margt er þar vel unnið og sumt jafnvel til fyrirmyndar. En starfsemi í jafn lifandi einingu og kirkjulegum söfnuði er um margt flókin og aldrei ná menn þeim tímamarki þar sem hægt er að láta staðar numið og una við óbreytt ástand. Hér fækkar hlutfallslega í söfnuðinum á milli ára eins og í Þjóðkirkjunni allri. Hér opnast líka ný tækifæri með háskólasamfélagi á gamla varnarliðssvæðinu, fjölmennu samfélagi eldri borgara á Nesjavöllum og margvíslegri annarri nýsköpun í framsæknu sveitarfélagi. Tækifærin til samvinnu eru víða og má þeir eru margir sem vilja starfa með okkur að uppbyggingu og mannrækt hér í samfélaginu.

Í því sambandi er mikilvægt að góð yfirsýn sé yfir starfseminu og að sem fólk viti að það geti haft þar áhrif. Með stefnumótuninni höfum við tækifæri til þess að lita yfir sviðið og raða hugðarefnum okkar í forgang.

Hún er jafnframt dýrmætt tæki til opinna samskipta. Bakgrunnur þeirrar vinnu og raunar meginforsenda hennar er sú að virk samræða eigi að einkenna líf og starf í kirkju Krists. Má þar jafnvel tala um gagnrýni ef það hefur þá merkingu sem orðið sjálft gefur til kynna: að *rýna* til *gagns*. Sé þeirra sjónarmiða gætt ættum við að

geta viðhaldið hér framsæknum og skapandi söfnuði sem lagar sig að breyttu samfélagi með boðskap Krists að leiðarljósi

Þátttakendur í þessari vinnu voru:

Sóknarnefnd

Birgir

Guðnason

Einar

Magnússon

Elías Jóhannsson

Elín Gunnarsdóttir

Gunnar Sveinsson

Halldór Leví Björnsson

Ívar Valbergsson

Leifur A. Ísaksson

Ragnheiður Ásta

Magnúsdóttir

Rúnar Helgason

Steinn Erlingsson

Sveinn Valdimarsson

Sævar Reynisson

Þórunn Íris Þórsdóttir

Starfsfólk

Rótarý

Elías

Guðmundsson

Helena

Svavarsdóttir

Helga

Magnúsdóttir

Karítas

Kristjánsdóttir

Ingibjörg

Sigurðardóttir

Sigfús B. Ingvason

Skúli S. Ólafsson

Júlíus og frú úr

kórnum

Erla

Guðmundsdóttir

Hákon Leifsson

Samstarfshópar

Kór Keflavíkurkirkju

Rótarýklúbbur Keflavíkur

Fræðslunefnd Reykjanesbæjar

Félagsmálanefnd Reykjanesbæjar

Leikskólastjórar í Reykjanesbæ

Starfsfólk Heiðarskóla

Héraðsnefnd Kjalarnesprófarsdæmis

Starfsólk menningar-, íþrótt- og

tómstundadeildar Reykjanesbæjar

Hjúkrunarfræðinar á HSS

Félag Eldri borgara

Foreldrafélög grunnskólanna í

Reykjanesbæ

Foreldrar fermingarbarna